



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1160
komudagur 26.2.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar B. Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. febrúar 2004

Sam 068/2004 PS/sp
Tilv.: 052

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. febrúar var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2004, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008, 477. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008, 477. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur ekki afstöðu til draganna og áforma um friðlýsingu einstakra svæða enda um staðbundna hagsmuni að ræða auk þess sem skilmálar einstakra friðlýsinga liggja ekki fyrir og því ekki unnt að gera sér grein fyrir áhrifum og afleiðingum friðlýsingar fyrir viðkomandi svæði.

Stjórnin vill hins vegar leggja sérstaka áherslu á að engin friðlýsing og friðlýsingarskilmálar verði ákveðnir nema í fullri sátt við viðkomandi sveitarfélög. Friðlýsing felur nánast í öllum tilfellum í sér einhverja skerðingu á möguleikum til landnotkunar þó í mismiklum mæli sé. Sjónarmið og hagsmunir heimamanna eru því grundvallaratriði í friðlýsingarferlinu enda getur friðlýsing haft mikil áhrif á lífskjör og lífsafkomumöguleika þeirra sem á svæðinu búa. Þau áhrif eru þó almennt jákvæð en það er þó ekki algilt.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna segir að friðlýsing sé vandasamt ferli sem krefjist samkomulags við eigendur og notendur lands og viðkomandi sveitarfélög. Það má því gera ráð fyrir því að framangreind áhersla sambandsins sé í fullu samræmi við ætlaðan vinnuferil ríkisvaldsins við friðlýsingu. Hins vegar kemur einnig fram í athugasemdunum að til þess að tryggja að friðlýsing skili árangri þurfi að vinna hana í sem mestri sátt við heimamenn og að hún þurfi að falla sem best að áætlunum um aðra landnotkun. Hér kveður við nokkuð annan tón og því óljóst hvort ætlun ríkisvaldsins sé að ná samkomulagi við heimamenn, þ.e. sveitarfélög, í öllum tilfellum eða einungis þegar það er hægt. Það er því full ástæða til árétta framangreinda áherslu sambandsins að nauðsynlegt sé að samkomulag náist við viðkomandi sveitarstjórnir.

Nái þessi 5 ára áætlun fram að ganga mun yfir 20% af landinu verða friðlýst með einhverjum hætti. Síðan má gera ráð fyrir að ný náttúruverndaráætlun líti dagsins ljós að fimm árum liðnum og þá mun þetta hlutfall enn vaxa. Stjórn sambandsins telur rétt að huga að því hvert hið endanlega markmið er og þar með hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða náttúruverndarlögin með það fyrir augum að tryggja það vald sem sveitarfélögunum hefur verið treyst fyrir með skipulagsvaldinu. Frumkvæði, áhrif og ábyrgð sveitarfélaga á friðlýsingu ætti að auka og draga úr miðstýringu enda sveitarfélögunum fullkomlega treystandi í þeim efnum.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 20. febrúar 2004.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri